

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Breyting á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja við Hvítungaveg.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar samþykkti 24. febrúar 2022 breytingu á deiliskipulagi miðbæjar Vestmannaeyja við Hvítungaveg. Helstu breytingar eru að fjórum byggingarlóðum er bætt við, við norðurhlíð Hvítungavegs, auk byggingarlóðar aftan við Skólaveg 21b (Alþýðuhús). Gert er ráð fyrir vegslóða sem mun liggja á milli Skólavegs 21b og Safnahúss og að byggingarlóðunum norðanverðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Vestmannaeyja, 16. júní 2022,

Dagný Hauksdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 21. júní 2022